

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/63

frá 18. desember 2007

um samþykki fyrir landsáætlun, sem Búlgaría hefur lagt fram, um varnir gegn salmonellu í undaneldisfuglum af tegundinni *Gallus gallus* (\*)

(tilkynnt með númeri C(2007) 6353)

(Einungis búlgarski textinn hefur lagagildi)

(2007/873/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripið sé til viðeigandi og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri hættu sem lýðheilsu stafar af þeim.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1003/2005 frá 30. júní 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi tiltekinna sermigerða salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2160/2003 <sup>(2)</sup> er fastsett markmið Bandalagsins um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu í hópum varphæna af tegundinni *Gallus gallus*, sem hafa áhrif á lýðheilsu, á frumframleiðslustiginu.
- 3) Til þess að ná markmiðum Bandalagsins skulu aðildarríkin koma á landsáætlunum um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus* og leggja þær fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2160/2003.

- 4) Búlgaría hefur lagt fram landsáætlun sína um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*.
- 5) Í ljós hefur komið að umrædd áætlun, sem Búlgaría lagði fram, er í samræmi við viðkomandi heilbrigðislöggjöf Bandalagsins um dýr og dýraafurðir, einkum reglugerð (EB) nr. 2160/2003.
- 6) Því ber að samþykka umrædda landsáætlun um varnir sem Búlgaría lagði fram.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Landsáætlun um varnir gegn salmonellu í hópum undaneldisfugla af tegundinni *Gallus gallus*, sem Búlgaría lagði fram, er samþykkt.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. febrúar 2008.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Búlgaríu.

Gjört í Brussel 18. desember 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 344, 28.12.2007, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 33, 25.6.2009, p. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007, bls. 5).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1168/2006 (Stjtið. ESB L 211, 1.8.2006, bls. 4).